

HB Grandi - Vopnafirði
Hafnarbyggð 7
690 Vopnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. mars 2016
UST201511-088/E.D.K.
08.10.02

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 17. nóvember sl. þar sem áformað var að áminna HB Granda Vopnafirði vegna þriggja frávika frá starfsleyfi sem komu fram við reglubundið eftirlit 3. september sl. Síðan þá hefur verið bætt úr tveimur frávikum, en umhverfismarkmið fyrirtækisins bárust frá rekstraraðila með tölvupósti 24. nóvember og í sama tölvupósti var einnig tilkynning vegna útstreymisbókhalds. Það frávik sem eftir stendur varðar að fita í fráveituvatni mældist yfir starfsleyfismörkum árið 2014. Þann 2. mars sl. bárust Umhverfisstofnun mæliniðurstöður úr sýnum sem tekin voru 17. desember og 14. febrúar sl. og staðfesta þær að fita í fráveituvatni er enn yfir starfsleyfismörkum. Ekki fylgdi mæliniðurstöðunum áætlun um úrbætur.

Umhverfisstofnun veitir HB Granda Vopnafirði áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna fráviks sem varðar að fita í frárennsli fyrirtækisins er yfir losunarmörkum, sbr. gr. 2.17 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 4. apríl 2016.

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni frávika sbr. bréf dagsett 17. nóvember sl. og 8. mars 2016 verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 35.700kr.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á eva.kristjansdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur